

6. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 8. maí 2026 á Selfossi

Mætt eru: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Guðný Stefanía Stefánsdóttir (GSS), Gunnar Þór Gestsson (GÞG), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Margrét Sif Hafsteinsdóttir (MSH), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Skúli Bragi Geirdal (SBG) á fjarfundi, Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson (SES) Birgir Már Bragason (BMB), Halla Margrét Jónsdóttir (HMJ), Sara Jóhanna Geirsdóttir Waage (SJGW) fulltrúi ungmennaráðs, Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri, Einar Þ. Eyjólfsson (EÞE) fjármálastjóri.

Formaður setti fund kl. 14:23

1. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra

- AIP fór yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundi.

2. Fundargerðir lagðar fram til kynningar

- 5. fundargerð stjórnar
- 5. fundargerð framkvæmdastjórnar
- 4. fundargerð úthlutunarnefndar sjóða
- 5. fundargerð ungmennaráðs
- 4. fundargerð framkvæmdanefndar ULM 2026

3. Erindi frá nefndum

- Erindi frá ungmennaráði varðandi ferðir og samstarf sem kunna að skapast í tengslum við Erasmus+ – framkvæmdastjóra falið að finna tíma fyrir sameiginlegan fund stjórnar og ungmennaráðs.
- Erindi frá heiðursráði varðandi heiðranir – stjórn óskar eftir því að heiðursráð yfirfari og komi með tillögu að endurskoðaðri reglugerð um heiðursviðurkenningar.

4. Staða nefndarstarfs og verkefna

- Farið yfir stöðu nefndarstarfs og samantekt verkefna.

5. Prastaskógur

- Farið yfir stöðu mála. Stjórn felur framkvæmdastjóra að fylgja eftir, með lögmanni UMFÍ, fyrri ákvörðunum stjórnar, hvað varðar tjaldsvæðið.

6. Fjármál

- Sigrún Guðmundsdóttir og Jóel Pétursson frá ODT ehf. komu inn á fundinn og kynntu endurskoðunarskýrslu fyrir ársreikning 2025. Áritun endurskoðendanna á ársreikningi UMFÍ 2025 er fyrirvaralaus.
- Ársreikningur UMFÍ 2025 samþykktur og undirritaður.
- Uppgjör fyrstu þriggja mánaða ársins 2026 lagt fram til kynningar.

7. Mótahald

- Undirritaður samningur um Unglingalandsmót 2026 lagður fram til kynningar.
- Úthlutun mótahalds 2027 – frestað til framhaldsfundar á morgun.

8. Tilnefning í stjórn Íslenskrar getspár

- Tilnefning JSI (aðalmaður) og RH (varamaður) var staðfest með tölvupósti á milli stjórnarfunda.

9. Ársþing sambandsaðila

- Rætt um ferðir stjórnarfólks á ársþing sambandsaðila.

10. Endurskoðuð íþróttastefna stjórnvalda

- Lögð fram til kynningar.

11. Bréf sem borist hafa

- Ályktun frá ársþingi KSÍ – móttekið, stjórn fagnar umræðu um ferðakostnað íþróttahreyfingarinnar.
- Ályktun um sölu áfengis á íþróttaviðburðum frá Krabbameinsfélagi höfuðborgarsvæðisins – móttekið, stjórn vísar erindinu til starfshóps sem er að störfum um þessi mál.
- Þakkir frá þingi UDN – móttekið
- Frá ÆV varðandi ungmennaviðburð – móttekið, stjórn vísar erindinu til umfjöllunar hjá ungmennaráði.

12. Fundir og ferðir

- 14.03.'26 Opinn fundur og kynning frá DGI
- 15.03.'26 Ungmennanþing KSÍ. JSI og AIP mættu
- 16.03.'26 Stefnumótun á Suðurnesjum. JSI og AIP mættu
- 17.03.'26 Stefnumótun á Suðurlandi. JSI og AIP mættu
- 21.03.'26 Þing USVH. Ómar Bragi Stefánsson mætti.
- 23.03.'26 Stefnumótun á Norðurlandi vestra og raddir ungs fólks. JSI og AIP mættu

- 24.03.'26 Stefnumótun á Norðurlandi eystra og raddir ungs fólks. JSI og AIP mættu
- 26.03.'26 Þing HSK. JSI mætti
- 26.03.'26 Þing UMSK. SBG og AIP mættu
- 26.03.'26 Veiðifélag Árnesinga. HSH mætti
- 07.04.'26 Fundur formanna ÆV. JSI og AIP mættu
- 07.04.'26 Ársþing USÚ. RH mætti
- 08.04.'26 Stefnumótun Vesturland og raddir ungs fólks. JSI, HMJ og AIP mættu.
- 09.04.'26 Þing UDN
- 09.04.'26 Þing UMSE. Ómar Bragi Stefánsson mætti.
- 10.04.'26 Þing HHF. GSS mætti.
- 10.04.'26 Þing FRÍ. AIP mætti.
- 10.04.'26 Þing USVS. RH mætti.
- 11.04.'26 Stefnumótun Vestfjörðum og raddir ungs fólks. JSI, GSS og AIP mættu.
- 11.04.'26 Þing UIA. SÓJ mætti
- 14.04.'26 Þing IA.
- 14.04.'26 Þing HSH. Sigurður Guðmundsson mætti.
- 14.04.'26 Þing USVH. HMJ mætti.
- 15.04.'26 Fundur með Ingu Sæland, ráðherra. JSI og AIP mættu
- 15.04.'26 Raddir ungs fólks á höfuðborgarsvæðinu AIP mætti.
- 16.04.'26 Stjórnarfundur getrauna. AIP mætti
- 16.04.'26 Stefnumótun höfuðborgarsvæði. JSI og AIP mættu
- 20.04.'26 Aðalfundur getspár. JSI, MSH, RH, AIP, EPE og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson mættu
- 20.04.'26 Stjórnarfundur Getspár. JSI mætti.
- 20.04.'26 Þing UMSS. JSI og AIP mættu.
- 21.04.'26 Kynning á endurskoðaðri íþróttastefnu stjórnvalda. AIP mætti.
- 21.04.'26 Stefnumótun höfuðborgarsvæðið. AIP og HMJ mættu.
- 24.04.'26 Raddir ungs fólks á Suðurlandi. RH mætti.
- 27.04.'26 Raddir ungs fólks á Suðurnesjum. AIP og BMB mættu.
- 27.04.'26 Ársþing IBA. JSI mætti
- 27.04.'26 Aðalfundur Nordung. HMJ mætti.
- 28.04.'26 Aðalfundur Umf. Fjölnis. AIP mætti
- 29.04.'26 Þing UMSB. MSH mætti.
- 30.04.'26 Aðalfundur ÆV. AIP, Ragnheiður Sigurðardóttir og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson mættu.
- 30.04.'26 Þing ÍS. BMB mætti
- 06.05.'26 Þing HSS. HMJ mætti
- 06.05.'26 Fundur hjá velferðarnefnd Alþingis. MSH og AIP mættu
- 07.05.'26 Þing ÍBV. HSH ávarpaði þingið
- 07.05.'26 Þing ÍRB. GSS mætti

Fundi frestað kl. 17:22

Fundi fram haldið 9. maí kl. 09:30

Framhald umræðna um 7. dagskrárlið. HSH, RH, GSS, SBG og SJGW viku af fundi. Ómar Bragi Stefánsson mætti á fundinn og sagði frá umsóknum um Landsmót 50+ 2027. Tvær umsóknir liggja fyrir, frá HSK með Hellu sem mótsstað og HHF með Patreksfjörð sem mótsstað.

Stjórn samþykkir að úthluta HSK Landsmóti 50+ með mótsstað á Hellu. Jafnframt er framkvæmdastjóra falið að auglýsa eftir mótshöldurum fyrir Landsmót 50+ 2028 og 2029 og Unglingalandsmót 2027 og 2028.

Farið yfir fundargerð í lok fundar.

Fundi slitið kl. 09:52
SÓJ ritaði fundargerð